

VERNDAÐUR VINNUSTAÐUR

1. Lýsing á vinnustaðnum:

Um er að ræða húsnæði með fjölbreyttri aðstöðu.

- 1) Skrifstofa og fundarsalur fyrir Kærleikssamtökin.
- 2) Vinnurými baka til sem er ætlað til að taka upp vörur, afpakka eða pakka í gjafaöskjur og jafnvel hanna einfaldar vörur sem hægt er að selja til styrktar samtökunum.
- 3) Mögulega verslunarrými þar sem hægt er að hafa söluvarning til styrktar samtökunum eða notuð verður pósthjónusta og/eða útkeyrsla. Verða það heilsutengdar vörur, nytsamlegar sem nýtast við daglegar athafnir og sjálfstýrkjandi vörur.

Í fundarsalnum verða haldin sjálfstýrktarnámskeið á vegum Kærleikssamtakanna. Einnig geta óháðir aðilar haldið kynningar á ýmsu utanaðkomandi sem mögulega vekur áhuga skjólstæðinganna til að nýta sér í sinni sjálfsupbyggingu.

Vinnustaðurinn er ætlaður einstaklingum sem hafa lent í áföllum í lífinu og þannig misst tókin, eru einangraðir og vantar eitthvað að gera yfir daginn. Um er að ræða einstaklinga sem eru með íslenskt ríkisfang og eru íslenskumælandi. Vinnustaðurinn er fyrir einstaklinga 18 ára og eldri, þó með undantekningu fyrir unglinga með samþykki foreldra.

Vinnustaðurinn á að vera stuðningur fyrir einstaklinga sem hafa einsettan vilja til að snúa við blaðinu og sem vilja njóta úrræði Kærleikssamtakanna sem tækifæri til þess.

2. Skilyrði til þátttöku á vinnustaðnum:

Þeir einstaklingar sem vilja nýta sér þetta úrræði koma í viðtal þar sem farið er yfir sögu þeirra. Auk þess er farið yfir skilmálana sem fylgja og afleiðingarnar ef ekki er staðið við þá og samningurinn lesin yfir. Ef viðkomandi vill nýta sér þetta tækifæri þá skrifa bæði Kærleikssamtökin og viðkomandi undir vinnustaða samning.

Eftirfarandi einstaklingar geta ekki nýtt sér þetta úrræði:

Ef þeir eru með augljósa skerta getu – með mikinn geðrænan vanda – skilja ekki úrræðið né eru færir til að taka þátt í því – og þurfa þess vegna sérhæfða meðferð eða eftirlit (t.d. sjúkrahúsvist).

3. Á vinnustaðnum:

- Metin er geta hvers og eins til þátttöku og vinnuþlan útbúið út frá því.
- Til að byrja með verða ákveðin verkefni í boði á meðan verið er að byggja vinnustaðinn upp.
- Þegar fram í sækir er meiningin að aðstoða einstaklinga til að sækja námskeið eða annað sem þarf til ef þeir eru með hugmyndir sem þeir vilja hrinda í framkvæmd.
- Samhliða verður sjálfstyrktarnámskeið fyrir einstaklingana og einkaviðtöl til að byrja að fara yfir þeirra vanda og aðstoða þá til að fá þá aðstoð annars staðar sem þeir þurfa og eiga rétt á.
- Á sjálfstyrktarnámskeiðinu er farið yfir ákveðna þætti og daglega skráð niður hvernig rúttína fólksins er. Í því felst að taka ábyrgð á sjálfum sér og sjá neikvæð munstur, vöntun eða ofneyslu og læra á móti hvað er hægt að gera til að breyta til hins betra og byggja sig upp.

4. Hvaða áhrif hefur vinnustaðurinn:

Verkefnið hefur áhrif á:

- Stöðuna í dag. Margir einstaklingar eru fastir í kerfinu sem hefur þau áhrif að þeir upplifa sig sem minnimáttar og sem ýtir undir neyslu, heimilisleysi, og jafnvel ofbeldi/glæpi.
- Að aðstoða einstaklinginn að rjúfa það einangraða og takmarkaða líf sem hann er fastur í.

5. Megináhrif sem þessi tvö verkefni í heild munu leiða af sér er:

- Einstaklingar fá aðstoð við sínum vanda – á mjög breyðu sviði.
- Bataferlið sem þeir fara í gegnum veldur því að þeir verða virkir til atvinnuþátttöku eftir getu hvers og eins.
- Bótageiðslur munu því breytast í launageiðslur með tímanum.
- Úrræðið hefur jákvæð áhrif á endurhæfingu/örorku/starfsgetumat.
- Einstaklingarnir verða með tímanum færir til að sjá um og reka sitt eigið heimili.

Tilgangur félagsins (Kærleikssamtökin) er að starfa í þágu þeirra sem þarfnast aðstoðar til að lifa sæmandi lífi sökum fátæktar, óreglu, heimilisleysis eða annarra aðstæðna, s.s. áfalla eða veikinda. Miðla aðferðum sem hægt er að nota í daglegu lífi og stuðla að samvinnu við þá sem vinna að uppbyggjandi úrræðum.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með að bjóða úrræði sem stuðla að kærleiksríkum lausnum fyrir einstaklinga, fjölskyldur, aðstandendur, þolendur, gerendur, starfsfólk og stofnanir. Vera leiðandi og stuðla með starfsemi sinni og aðkomu að heilbrigðum og varanlegum lausnum.

Kærleiksstamökin